



handbók
FORELDRARÁÐA Í LEIKSKÓLUM

Nóvember 2009
© Heimili og skóli 2009

Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
Foreldrastarf í leikskóla.....	2
Um þessa handbók.....	2
Gögn og upplýsingar.....	3
2 Almennt um foreldrastarf í leikskólum	4
Hver gerir hvað?	4
Hvert eiga foreldrar að leita með mál sín?	5
3 Starfsemi foreldraráðs	7
Hverjir eru í foreldraráði?	7
Starfshættir foreldraráðs	7
Upplýsingar um starf foreldraráðs.....	7
4 Starfsemi foreldrafélags	8
Hverjir eru í foreldrafélagi?	8
Starfshættir foreldrafélags	8
Hlutverk deildarfulltrúa	8
Upplýsingar um starf foreldrafélags	8
Starfsáætlun foreldrafélags.....	9
5 Upplýsingar um símanúmer og netföng	10
Um fundarsköp stjórnar foreldraráðs	11
Samskiptaleiðir foreldra við leikskólann	13
Hugmyndir að starfsreglum foreldraráða leikskóla	14
Gátlisti fyrir foreldraráð	17

1 Inngangur

Foreldrastarf í leikskóla

Samstarf heimilis og skóla hefur eflst töluvert á undanförunum árum, enda hefur komið í ljós að það ber árangur. Í rannsóknum hefur komið fram að samstarf foreldra og skóla hefur alltaf jákvæð áhrif á skólastarf og skilar sér í betri líðan nemenda og bættri frammistöðu¹. Við hvern leikskóla er unnið öflugt foreldrastarf með þátttöku foreldra og ýmissa annarra aðila innan og utan leikskólans. Samskipti foreldra og leikskólans eru margvísleg og byggjast umfram allt á umhyggju fyrir velferð barnanna, samvinnu og viljanum til að gera sífellt betur.

Meginmarkmið foreldrastarfs í leikskóla er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra leikskólastarf, bætta líðan nemenda og betri árangur. En betur má ef duga skal. Samskipti foreldra og leikskóla geta orðið enn virkari og samstarf milli foreldra getur eflst. Til að þetta megi verða er nauðsynlegt að gagnkvæmt upplýsingastreymi sé gott.

Um þessa handbók

Þann 29. maí 2008 urðu tímamót í sögu íslenska menntakerfisins þegar ný lög um þrjú skólastig, leik-, grunn- og framhaldsskóla, voru samþykkt á Alþingi. Í nýjum heildstæðum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla skapast ný tækifæri til eflingar menntunar á Íslandi. Í þessum lögum eru hagsmunir nemenda í forgrunni og aukin áhersla á aðkomu foreldra að skólastarfi.

Markmið þessarar handbókar er að kjörnir fulltrúar foreldra og aðrir foreldrar geti nálgast helstu upplýsingar um foreldrastarf í leikskólum á einum stað. Upplýsingarnar geta einnig nýst t.d. fræðslufirvöldum, skólastjórnendum og öðru starfsfólki leikskólanna. Auk þess skapast með þessari handbók sameiginlegur skilningur á hlutverki og verkefnum þeirra aðila sem koma að foreldrastarfinu. Slíkur skilningur auðveldar öll samskipti og gerir starfið skilvirkara.

Handbókin er viðleitni í þá átt að bæta upplýsingastreymi um foreldrastarfið. Handbókin er unnin á vegum Heimilis og skóla og kemur nú út í annarri útgáfu. Gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð eins og þurfa þykir og uppfærð reglulega.

Ýmsar hagnýtar upplýsingar má finna í handbókinni. Í kafla 2 er fjallað um skipulag foreldrastarfsins, hver gerir hvað og hvert foreldrar geta leitað með sín mál. Í kafla 3 er farið í starfshætti foreldraráðs. Í kafla 4 er fjallað um starfshætti foreldrafélags og sérstaklega farið inn á hlutverk og verkefni fulltrúa einstakra deilda. Í kafla 5 eru kynntar hugmyndir um upplýsingar um símanúmer og netföng hjá flestum þeim aðilum sem foreldrastarfinu tengjast. Í viðauka eru upplýsingar um fundarsköp og helstu samskiptaleiðir foreldra við leikskólann. Eins eru þar hugmyndir að starfsreglum foreldraráða og gátlisti fyrir foreldraráð.

¹ Epstein, J.L. 1995. School, Family and Community Partnerships. A Handbook for Action. California. Corwin Press, Inc.;Hickman o.fl. 1995. High school Parent Involvement: Relationship with Achievement, Grade level, SES, and Gender. Journal of Research and Gender. Joournal of Reasearch and Development in Education, 28,3:125-134; Wang o.fl. 1990. What Influences Learning? A Content Analysis of Review Literature. The Journal of Educational Research, 84,1:30-43.

Gögn og upplýsingar

Þessi handbók inniheldur helstu upplýsingar um foreldrastarf en nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Heimilis og skóla - Landssamtaka foreldra, www.heimilhogskoli.is.

Fyrirmynd þessarar handbókar er m.a. sótt til handbókar sem skrifuð var af samtökunum Heimili og skóli „Handbók foreldraráðs og foreldrafélags Mararskóla” (2005). Við gerð hennar var m.a. stuðst við lög og starfsreglur foreldraráða frá Menntamálaráðuneytinu auk upplýsinga frá fulltrúum foreldrafélaga, foreldraráða og skóla. Einnig var stuðst við lög um leikskóla ásamt ýmsum upplýsingum á vefsíðu Heimilis og skóla: www.heimilhogskoli.is. Samráð var haft við félag leikskólakennara við gerð handbókarinnar.

Frekari upplýsingar um foreldrastarf má nálgast á skrifstofu og vefsíðu Heimilis og skóla. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um menntamál, rekstur foreldrafélaga og foreldraráða, Foreldrabankann, Foreldrasamninginn, íslensk og norræn rímarit, myndbönd, bæklinga og önnur gögn sem geyma margvíslegar hugmyndir til notkunar í foreldrastarfi og upplýsingar um skóla- og uppeldismál.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eiga höfundarétt að þessari handbók.
Foreldraráð og foreldrafélög hafi leyfi til að nota hana og aðlaga að sínum þörfum.




Reykjavík 2009

2 Almennt um foreldrastarf í leikskólum

Hver gerir hvað?

Foreldrastarf í leikskólum er unnið með margvíslegum hætti með þátttöku foreldra, leikskólakennara, leikskólastjórnenda og ýmissa annarra hópa, innan og utan leikskólans. Til að starfið sé markvisst og lögum samkvæmt hefur ákveðið skipulag og verkaskipting þróast, þó ávallt sé lögð áhersla á virkt upplýsingaflæði milli allra sem að starfinu koma (sjá mynd 1).



Foreldrar kjósa fulltrúa í foreldrafélög og foreldraráð auk þess að velja a.m.k. tvo deildarfulltrúa á hverri deild. Kosningar fara fram á aðalfundi foreldrafélags í september eða almennum foreldrafundi.

Foreldrafélögin eru samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í leikskólanum, koma á framfæri skoðunum foreldra við skólastjórnendur og sjá um að skipuleggja foreldrastarfið í skólanum m.a. með því að styðja við starf deildarfulltrúa. **Deildarfulltrúar** gegna mikilvægu hlutverki í því að efla og styrkja samstarf foreldra, deildarstjóra og barna innan hverrar deildar. Deildarfulltrúar mynda svokallað fulltrúaráð foreldrafélags.

Foreldraráð er lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur varðandi innhald, áherslur og skipulag skólastarfsins. Í leikskólanum starfar eitt foreldraráð. Foreldraráð starfar í náinni samvinnu við stjórn foreldrafélags og svæðisráð foreldra ef það er til staðar.

Skólastjórnendur og leikskólakennarar gegna lykilhlutverki í samstarfi skólans og heimila. Skólastjóri stjórnar skólanum og veitir honum faglega forystu auk þess að bera ábyrgð á að upplýsingastreymi sé virkt á milli foreldra, kennara og barna. Leikskólakennarar fylgjast náið með námi og þroska barna, leiðbeina þeim og aðstoða í hvívetna og stuðla að því að efla samstarf skóla og heimila².

² Skv. Lögum um leikskóla nr: 90/2008

Svæðisráð foreldra er samstarfsvettvangur foreldrafulltrúa í bæjarfélaginu eða á ákveðnu svæði. Formaður foreldrafélags og fulltrúi foreldraráðs hvers leikskóla sitja í ráðinu. Ráðið fundar a.m.k. tvisvar á ári. Svæðisráð tilnefnir fulltrúa foreldra og varamann hans í skólanefnd/fræðslunefnd leikskóla.

Skólanefnd fer með málefni leikskóla og stundum einnig grunnskóla og ber ábyrgð á að lögum, reglugerðum og samþykktum þar að lútandi sé framfylgt. Í skólanefnd sitja fulltrúar sem kjörnir eru af sveitarstjórn/bæjarstjórn/borgarstjórn. Foreldrar hafa áheyrnarfulltrúa, sem hefur málfrelsi og tillögurétt, á öllum skólanefndarfundum.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu hlutverk og verkefni foreldrafélags og foreldraráðs. Starfsemi foreldraráðs er **lögbundin og hlutverk þess hefur lagalegan grunn og felst einkum í því að fylgjast með starfsemi leikskólans**. Starfsemi foreldrafélags er **ekki lögbundið en það gegnir mikilvægu hlutverki í að efla samstarf heimilis og skóla**. Bæði foreldraráð og foreldrafélag hafa þó það meginmarkmið að starfa saman að því að **efla samstarf heimilis og skóla**. Því geta hlutverk þeirra og verkefni stundum skarast enda á að vera virkt samstarf milli foreldraráðs og foreldrafélags.

<p>Hlutverk foreldraráðs</p> <ul style="list-style-type: none"> Fjallar um og gefur umsögn til leikskólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir³ sem varða skólahaldið Fylgist með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum Kemur á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skólastjórnenda og skólanefndar Starfar með skólastjóra að hagsmunum barnanna og leikskólans 	<p>Hlutverk foreldrafélags</p> <ul style="list-style-type: none"> Vera samstarfsvettvangur foreldra Stuðla að góðum skólaanda m.a. með því að vinna að öfluglu félagslífi í leikskólanum Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra varðandi leikskólastarfið til skólastjórnenda og foreldraráðs
<p>Verkefni foreldraráðs</p> <ul style="list-style-type: none"> Fulltrúi situr skólanefndarfundum og kemur þar sjónarmiðum foreldra á framfæri auk þess að leggja fram tillögur ef við á Fulltrúi situr fundum með foreldrafélögum og skólastjórnendum um skólastarfið og áætlanir því tengdu Fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir skólans og útbúa umsagnir um þær Taka þátt í ýmsum verkefnum á vegum skólanefndar sem fulltrúar foreldra Taka þátt í samstarfi foreldraráða og –félaga um sameiginlega hagsmuni nemenda á svæðinu Taka þátt í landssamtökum foreldra 	<p>Verkefni foreldrafélaga</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipuleggja viðburði í samstarfi við leikskólann Styðja og hvetja deildarfulltrúa til að efla deildaranda og foreldrasamstarf á hverri deild Koma á umræðu- og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og leikskólamál Veita leikskólanum lið í að bæta aðstæður til leiks og náms Sitja fundum með foreldraráði og skólastjórnendum um skólastarfið Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra á sínu svæði Taka þátt í landssamtökum foreldra

Hvert eiga foreldrar að leita með mál sín?

³ Í skólanámskrá er fjallað um atriði er varða innra starf leikskóla s.s. skipulag náms og kennslu, reglur, öryggismál, dagvistartíma, mat á gæðum leikskólastarfsins, endurmenntun kennara, viðburði í leikskólanum, og annað sem varðar starfsemi leikskólans. Aðrar áætlanir eru t.d. fjárhagsáætlanir, viðhaldsáætlanir, framkvæmdaáætlanir v/leikskóla, íþróttahúss, sundlaugar og skólalóðar, tengsl tónlistarskóla og grunnskóla og fleira sem varðar framkvæmd skólahaldsins

Ýmis mál geta komið upp í tengslum við barn eða leikskóla sem foreldrar hafa áhyggjur af, vantar upplýsingar um eða þeir vilja hafa áhrif á. Þessi mál geta t.d. tengst líðan barnsins, samskiptum í skólanum, deildinni, þemavinnu, umgjörð leikskólastarfsins, námsefninu eða samskiptum við önnur börn. Það er mikilvægt að foreldrar ræði þessi mál en sitji ekki einir með áhyggjur sínar og hugmyndir.

Ef málið varðar einstakt barn er gott að leita beint til leikskólans og þá er best að byrja á því að tala við leikskólakennarann (sjá nánar um samskiptaleiðir heimilis og skóla í viðauka 1). Ef málið varðar fleiri leikskólabörn, deildina eða leikskólann er gott að byrja á því að hafa samband við aðra foreldra til að heyra sjónarmið þeirra. Einnig má hafa samband við deildarfulltrúa, foreldrafélag og foreldraráð. Þannig fæst stuðningur sem oft er nauðsynlegur til að taka á sameiginlegum vandamálum eða hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd.

Foreldrar eru hvattir til að vera í reglulegum samskiptum við leikskólann og aðra foreldra til að fylgjast með því sem gerist í leikskólastarfinu. Foreldrar eru einnig hvattir til að láta sjá sig í leikskólanum. Aukin kynni skapa traust og góð samskipti sem eru mikilvæg þegar eitthvað bjátar á.

3 Starfsemi foreldraráðs

Í þessum kafla er fjallað um það hverjir eru í foreldraráði, hvernig foreldraráðið vinnur og hvar finna má upplýsingar um starfsemi þess. Hlutverk og verkefni foreldraráðs eru aftur á móti talin upp í töflu í kafla 2.

Hverjir eru í foreldraráði?

Í foreldraráði eiga sæti þrjár fulltrúar foreldra. Fulltrúar í foreldraráði eru kosnir til eins árs í senn. Æskilegt er að kjósa einnig allt að þrjá varamenn. Ný stjórn skiptir með sér verkum og tilnefnir formann, ritara, meðstjórnendur og fulltrúa í svæðisráð foreldra og/eða skólanefnd þar sem það á við.

Starfshættir foreldraráðs

Foreldraráð vinnur að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs og lög um leikskóla nr. 90/2008. Þegar unnið er að verkefnum er náði samráð og samstarf haft við bæði skólastjórnendur og foreldrafélag.

Ýmsir fundir eru haldnir þar sem fjallað er um mál sem snúa að verkefnum foreldraráðs:

- Foreldraráð kemur saman til fundar a.m.k. einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Formaður undirbýr fundi og boðar til þeirra með dagskrá.
- Foreldraráð setur fram og kynnir starfsáætlun sína á haustin, þ.e. upplýsingar um fundartíma.
- Foreldraráð starfar náði með stjórn foreldrafélags og fundar með því eftir þörfum.
- Foreldraráð og fulltrúi foreldrafélags funda a.m.k. tvisvar á ári með skólastjórnendum. Foreldraráð tilnefnir einn fulltrúa í svæðisráð leikskólaforeldra ef það er starfandi. Þar situr einnig formaður foreldrafélags hvers leikskóla.
- Foreldraráð leikskóla í bæjarfélaginu/svæðinu tilnefna, í samráði við svæðisráð foreldra þar sem það á við, einn aðal- og einn varafulltrúa foreldra sem áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Þessir fulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.
- Foreldraráð stefnir að því í samvinnu við foreldrafélag að halda almennan fund með foreldrum/forráðamönnum nemenda í byrjun hvers skólaárs þar sem leitað er eftir sjónarmiðum foreldra varðandi skólahaldið. Aðalfundur foreldrafélags getur verið þessi vettvangur

Upplýsingar um starf foreldraráðs

Ritari ritar fundargerðir á fundum foreldraráðs og sendir á tölvutæku formi til annarra fulltrúa foreldraráðsins, foreldrafélags, skólastjórnenda og skólaskrifstofu. Fundargerðir eru birtar á vefsíðu skólans. Einnig eru stundum sendar út tilkynningar til foreldra með tölvupósti í gegnum póstlista skólans. Starfsreglur og starfsáætlun foreldraráðs á að birta á vefsíðu skólans. Foreldrar eiga að geta haft beint samband við fulltrúa í foreldraráði. Nöfn, netföng og símanúmer eiga að vera á vefsíðu skólans.

4 Starfsemi foreldrafélags

Hlutverk og verkefni foreldrafélags eru talin upp í töflu hér að framan. Hér er fjallað um það hverjir eru í foreldrafélaginu, starfsemi foreldrafélags, hlutverk foreldrafulltrúa, upplýsingar um félagið og starfsáætlun þess.

Hverjir eru í foreldrafélagi?

Félagar í foreldrafélagi eru allir foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum. Lög foreldrafélags á að vera hægt að finna á vefsíðu leikskólans.

Stjórn foreldrafélags er kosin af foreldrum á árlegum aðalfundi félagsins í september. Í stjórn foreldrafélags eru kosnir fimm foreldrar. Ný stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og tilnefnir formann, gjaldkera, ritara og meðstjórnendur.

Starfshættir foreldrafélags

Foreldrafélag hefur ýmis verkefni á sinni könnu. Þegar unnið er að verkefnunum er náð samráð og samstarf haft við skólastjórnendur, foreldraráð og aðra eftir því sem við á. Deildarfulltrúar og störf þeirra eru mikilvægur hluti af starfsemi foreldrafélags (sjá kafla um hlutverk deildarfulltrúa hér að neðan).

Ýmsir fundir eru haldnir þar sem fjallað er um mál sem falla undir verkefni foreldrafélags:

- Stjórn foreldrafélags heldur fundi reglulega, að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður boðar til fundar með dagskrá.
- Stjórn foreldrafélags starfar náð með foreldraráði og fundar með þeim eftir þörfum.
- Fulltrúi foreldrafélags og foreldraráð funda með skólastjórnendum a.m.k. tvisvar á ári .
- Fundir með öllum deildarfulltrúum og stjórn foreldrafélags (fulltrúaráðsfundir) eru haldnir einu sinni til tvisvar á ári þar sem rædd eru málefni skólans, starf foreldrafélags og foreldrafulltrúa.
- Aðrir samráðsfundir eru haldnir eftir þörfum, t.d. í vinnuhópum.

Hlutverk deildarfulltrúa

Í upphafi skólaárs velja foreldrar hvernar deildar a.m.k. tvo deildarfulltrúa. Deildarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélags og mynda fulltrúaráð þeirra. Hlutverk deildarfulltrúa er að stuðla að kynnum og samstarfi foreldra, leikskólakennara og barna innan hvernar deildar og efla þannig deildarandann. Eftirfarandi eru dæmi um verkefni deildarfulltrúa:

- Deildarfulltrúar fylgjast vel með hvernig gengur í deildinni, eru tengiliðir við stjórn foreldrafélagsins og tengiliðir deildarstjóra við foreldra.
- Deildarfulltrúar vinna með stjórn foreldrafélags eftir þörfum t.d. að skipulagningu skemmtana og viðburða eða að öðrum verkefnum sem efla tengsl heimila og skóla.

Upplýsingar um starf foreldrafélags

Ritari ritar fundargerðir á stjórnarfundum og sendir á tölvutæku formi til annarra stjórnarmanna, foreldraráðs, skólastjórnenda og leikskólafulltrúa. Fundargerð foreldrafélags og aðrar upplýsingar eru birtar á vefsíðu foreldrafélags. Æskilegt er að fréttabréf frá

foreldrafélagi sé sent út reglulega til foreldra. Einnig eru stundum sendar út tilkynningar til allra foreldra með tölvupósti í gegnum póstlista leikskólans. Lög foreldrafélags eru birt á vefsíðu skólans.

Starfsáætlun foreldrafélags

Foreldrafélagið útbýr starfsáætlun í samráði við skólastjórnendur í upphafi vetrar og kynnir fyrir foreldrum m.a. á heimasíðu og jafnvel einnig í fréttabréfi. Í starfsáætlun koma fram helstu viðburðir sem stefnt er að að halda á vegum foreldrafélags sem og upplýsingar um áætlaða fundi.

Dæmi um starfsáætlun foreldrafélags

September:

- ✓ 5.-9. sept.: Stjórnarfundur með skólastjórnendum og foreldraráði
- ✓ 20. sept.: Aðalfundur foreldrafélags, foreldrakynning

Október:

- ✓ 5. okt.: Fundur með fulltrúum foreldra/deildarfulltrúum (fulltrúaráðsfundur)
- ✓ 12. Okt.: Skólaþing /gestafyrirlesari

Nóvember:

- 9. nóv.: Stjórnarfundur með foreldraráði
- ✓ Laufabrauðsbakstur /piparkökubakstur

Desember :

- 7. des.: Stjórnarfundur
- ✓ Bókakynning / feðrakaffi /jólaleikrit

Janúar:

- 11. janúar: Stjórnarfundur
- ✓ Þrettándabrenna

Febrúar:

- 8. febrúar: Stjórnarfundur/ fulltrúaráðsfundur
- ✓ Námskeið fyrir foreldra / Öskudagshátíð

Mars:

- 8. mars: Stjórnarfundur með skólastjórnendum og foreldraráði
- ✓ Mæðrakaffi

Apríl:

- 12. apríl: Stjórnarfundur
- ✓

Maí:

- 10 maí: Stjórnarfundur
- ✓ Óvissuferð

Júní:

- ✓ Vorhátíð

5 Upplýsingar um símanúmer og netföng

Tillaga að upplýsingum sem þurfa að liggja fyrir:

Foreldraráð skólans 2009-2010 foreldrarad@leikskóli.is

Jóna Jónsdóttir	formaður	555 5555/ 836 9696	jona@island.is
Jón Jónsson	varaformaður	555 5556/ 836 9697	jon@island.is
Guðmundur Hjörvar	ritari	555 5599/888 9988	hjorvar@island.is
Stefán Jónsson	gjaldkeri meðstjórnandi	555 7557/878 9999	stef@island.is

6 Viðauki

Um fundarsköp stjórnar foreldraráðs

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með drög að dagskrá með viku fyrirvara. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Endanleg dagskrá skal send til fundarmanna í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki stjórnarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski stjórnarmaður eftir að taka mál fyrir á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi tveimur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver stjórnarmaður óskar þess.

Fundir stjórnar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Foreldraráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða foreldraráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Á næstu síðu má sjá dæmi um skipulag fyrir fundargerð.

Fundargerð

Fundarstjórn:	Fundarritari:
Mætt:	Dagsetning fundar:
Fundargerð til:	

Dagskrá: 1. 2. 3. Fundarumræða:

Ákvarðanir/niðurstöður	Ábyrgð	Klára fyrir dags.

Næsti fundur: _____
Dagskrá: * *

Hugmyndir að starfsreglum foreldraráða leikskóla

1. grein

Reglur þessar gilda um starfsemi foreldraráðs og samskipti þess við skólastjóra, foreldrafélag, fræðsluráð/skólanefnd, skólaskrifstofu, svæðisráð leikskólaforeldra⁴ sem og landssamtök foreldra. Þær öðlast gildi við undirskrift þar til bærra fulltrúa í foreldraráði.

Skólastjóri sér um að starfsreglur foreldraráðsins séu kynntar foreldrum, m.a. með birtingu þeirra í skólanámskrá og á upplýsingavef skólans. Foreldraráð skal hafa svæði á heimasíðu skólans til að kynna starfsemi sína og æskilegt er að foreldraráðið hafi eigið netfang. Á heimasíðunni skulu einnig koma fram nöfn og netföng fulltrúa í foreldraráði. Skólastjóri ber jafnframt ábyrgð á að skólaskrifstofu/fræðluskrifstofu sé tilkynnt um nöfn, heimilisföng og netföng fulltrúa í foreldraráði strax að lokinni kosningu þeirra. Formaður foreldraráðs (sjá 8. gr. laga nr. 90/2008) sér um að koma þeim upplýsingum til svæðisráðs leikskólaforeldra, menntamálaráðuneytis og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.

2. grein

Foreldraráð starfar skv. ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Í foreldraráði eiga sæti a.m.k. þrjú fulltrúar. Æskilegt er að kjósa einnig allt að þrjú varafulltrúa.

Kjörfundur foreldraráðs skal haldinn á aðalfundi foreldrafélags ef það er starfandi eða á almenningu foreldrafundi í september. Þá skulu kosnir að lágmarki þrjú fulltrúar til setu í foreldraráði til eins árs í senn. Kjörnir fulltrúar taka sæti í foreldraráði þegar að kjöri loknu. Kosningarétt hafa foreldrar/forráðamenn barna í leikskólanum sem ekki eru starfsmenn skólans. Til kjörfundar skal boðað með a.m.k. viku fyrirvara. Óska skal eftir tilnefningum til ráðsins tímanlega og í síðasta lagi í fundarboði. Á fundinum skal foreldraráð gera grein fyrir starfsemi sinni á liðnu starfsári. Ársskýrsla foreldraráðs skal birt á vef skólans.

3. grein

Í upphafi skólaárs skal foreldraráð setja sér starfsáætlun og birta hana á heimasíðu skólans. Einnig gerir það í samvinnu við skólastjóra áætlun um sameiginlega fundi á skólaárinu, skal miðað við að þeir séu a.m.k. tveir á skólaárinu. Á sameiginlegum fundum skólastjóra, foreldraráðs og fulltrúa foreldrafélags veitir skólastjóri upplýsingar varðandi starfsemina og skólalagd almennt, breytingar á henni og þróun.

Foreldraráð afhendir skólastjóra afrit af erindum og umsögnum er varða skólann og skólalagd, þegar þær eru sendar öðrum aðilum.

Foreldraráði er látin í té aðstaða og veittur nauðsynlegur aðgangur að skólahúsnæðinu, búnaði og skrifstofuþjónustu, s.s. prentun, ljósritun og póstdreifingu eftir því sem frekast er unnt.

4. grein

Drög að skólanámskrá næsta vetrar skulu tekin til umfjöllunar og umsagnar að vori. Foreldraráð getur, ef þörf þykir, boðað skólastjóra og aðra starfsmenn skólans til fundar þar

⁴ Svæðisráð leikskólaforeldra eru samráðsvettvangur fulltrúa foreldra í leikskólum í bæjarfélagi eða ákveðnu svæði.

sem farið er yfir námskrána, hún skýrð nánar og foreldraráði gefinn kostur á að bera upp fyrirspurnir.

Foreldraráð gefur skriflega umsögn um skólanámskrá og skal hún send skólastjóra, fræðslunefnd/skólanefnd og stjórn foreldrafélags eigi síðar en 30 dögum eftir að það fær hana til umsagnar.

Með umsögn sinni og athugasemdum getur foreldraráðið sett fram tillögur um breytingar á skólahaldi og rekstri skólans og óskað eftir að þær verði teknar til umfjöllunar og afgreiðslu.

Aðrar áætlanir sem varðar skólahaldið, s.s.: skóladagatal, áætlanir um nýtingu fjármagns, áform um byggingar, viðhald og aðrar framkvæmdir, búnað skóla og skólaakstur skulu lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar jafnskjótt og þær verða til. Skólaskrifstofa sendir foreldraráði til umsagnar áætlanir sínar um meiriháttar breytingar á skólamálum áður en ákvarðanir eru teknar.

5. grein

Foreldraráð hlutast til um að áætlanir um skólahaldið, þ.m.t. skólanámskrá og einnig umsögn ráðsins um hana, sé kynnt öllum foreldrum m.a. með því að gæta að því að skólanámskrá sé aðgengileg á heimasíðu skólans. Foreldraráðið fylgist með að áætlunum skólanámskrár sé framfylgt.

6. grein

Foreldraráð í náinni samvinnu við skólastjóra og skólaskrifstofu hlutast til um að kanna með faglegum hætti viðhorf og væntingar foreldra varðandi skólahaldið. Foreldraráð gætir þess að niðurstöður slíkra kannanna séu kynntar fyrir foreldrum og séu aðgengilegar á heimasíðu skólans.

7. grein

Foreldraráð starfar í náinni samvinnu við stjórn foreldrafélags skólans sé það starfandi og leitast við að tryggja gagnkvæma miðlun upplýsinga. Dagskrár og fundargerðir hvors aðila skulu sendar hinum. Æskilegt er að einn aðili sé bæði kosinn í foreldraráð og stjórn foreldrafélags til að tryggja samstarf þarna á milli. Fulltrúi úr foreldraráði situr fulltrúaráðsfundi foreldrafélagsins⁵. Ef gefið er út fréttabréf á vegum foreldrafélags er æskilegt að foreldraráði sé gefinn kostur á að fá birtar upplýsingar um starfsemi ráðsins reglulega í fréttabréfinu.

8. grein

Fulltrúar í foreldraráði velja sér formann og skipta með sér verkum (formaður – varaformaður – ritari – fulltrúi í svæðisráð - varamenn ef við á) á fyrsta fundi ráðsins eftir kosningu hverju sinni og leggja drög að starfsáætlun fyrir næsta skólaár. Formaður undirbýr fundi og boðar til þeirra með dagskrá.

9. grein

Foreldraráð heldur fundargerðarbók. Fundargerðir skulu sendar skólastjórnendum, foreldrafélagi og leikskólafulltrúa/skólanefnd og birtar á vef foreldraráðs sem æskilegt er að

⁵ Í fulltrúaráði foreldrafélags sitja foreldrar sem eru fulltrúar sinnar deildar sem og stjórn foreldrafélagsins

vistaður sé á heimasíðu skólans. Foreldraráð skal funda reglulega, helst einu sinni í mánuði yfir skólaárið og oftar ef þurfa þykir. Ritari ber ábyrgð á að senda fundargerðir á samstarfsaðila og að þær séu birtar á vef skólans.

10. grein

Ef foreldrar eru ósáttir eða hafa athugasemdir um skólahaldið geta þeir komið athugasemdum til foreldraráðs ef aðrar leiðir eru ófærar. Foreldraráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skólans.

11. grein

Foreldraráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem þeir verða áskynja um í starfi sínu. Æskilegt er að foreldraráðsfulltrúar skrifi undir þagnareid.

12. grein

Sé lögum og reglum um leikskóla eða áætlunum um skólahald ekki framfylgt að mati foreldraráðs ber því að tilkynna það til menntamálaráðuneytisins enda hafi ábendingum þess til skólastjóra og/eða skóla- og fræðsluráðs ekki verið sinnt.

Samþykkt á fundi foreldraráðs xx. september 2010

Gátlisti fyrir foreldraráð

Meginþættir:

- Lesa lög um leikskóla, reglugerðir og reglur um skólahald frá menntamálaráuneytinu og bera saman við skólastefnu og áætlanir sveitarfélags.
- Lesa skólanámskrá og bera saman við aðalnámskrá og leikskólalög. Skila umsögn um skólanámskrá til skólastjóra og skólanefndar.
- Fara yfir starfsáætlun og skóladagatal, aðgæta hvort skóladagatal er samræmt milli allra leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu. Senda umsögn um skóladagatal til skólastjóra og skólanefndar.

Ef foreldraráðið hefur engar athugasemdir við skólanámskrá og skóladagatal er samt sem áður mikilvægt að senda staðfestingu þar um til skólastjóra og skólanefndar.

Annað sem vert er að hafa í huga:

- Kynna sér stefnu skólans um samstarf heimila og skóla sem og upplýsingagjöf til foreldra.
- Skoða skólahúsnæði, tækjakost skólans, bókasafn og annan búnað sem og almennan aðbúnað nemenda.
- Skoða mótuneyti og matseðla.
- Skoða aðkomuleiðir að skólanum. Huga að eftirliti með leiktækjum á skólalóð.
- Spyrja út í starfsmannastefnu, starfsmannahald og símenntunaráætlun skólans.
- Spyrja út í áfallaáætlanir og forvarnir.
- Fá upplýsingar um sjálfsmatsáætlun skólans, fylgjast með framgangi hennar sem og niðurstöðum kannana sem gerðar eru í tengslum við sjálfsmat.
- Tala við og hlusta eftir röddum foreldra, kennara og annarra starfsmanna.
- Skoða framlög til skólamála sveitarfélagsins miðað við aðra málaflokka og bera einnig saman framlög til skóla innan sveitarfélagsins.
- Koma með tillögur til úrbóta um það sem betur má fara ef þörf krefur.

Dæmi um hvernig setja má upp gátlista um framkvæmd og verkaskiptingu verkefna:

Meginþættir	Ábyrgð	Framkvæmdaaðili	Afgreitt dags.
Samanburður á skólastefnu við leiksskólalög, reglugerðir, reglur um skólahald og áætlanir sveitarfélags	Form.	Allir	
Bera skólanámskrá saman við aðalnámskrá og lög um leikskóla	Form.	Allir	
Vinna umsögn um skólanámskrá	Form.	Allir	
Skila inn umsögn um skólanámskrá til skólastjóra og skólanefndar	Form.	Ritari	
Fara yfir starfsáætlun, gæta að henni sé framfylgt	Form.	Varaformaður	
Fara yfir skóladagatal. Aðgæta með samræmingu milli leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu/hverfinu.	Form.	Varaformaður	
Tilkynna samstarfsaðilum um breytingar á foreldraráði	Form.	Ritari	